

169

17. nóv.

AUGLÝSING

um viðauka við gjaldskrá fyrir dómtúlkun og skjalapýðingar,
nr. 143 14. nóv. 1944.

Við gjaldskrána bætist ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
Grunngjöld gjaldskrárinnar skulu breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á launum opinberra starfsmanna.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

170

27. nóv.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Neskaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.7% af fasteignamatsverði hússins. Lágmarksskattur á íbúð skal þó vera kr. 100.00 á ári.

Sama gildir um önnur hús, er fá veitt vatni úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt 1. mgr. samkvæmt mæli með 50 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 1. mgr. segir, og skal vatnsveitan þá áætla aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnoktun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

Árlegur vatnsskattur á vörubíl skal vera kr. 100.00 og á fólksbíl kr. 50.00.

3. gr.

Hafnarnefnd ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, en greiða skal hafnarsjóður fyrir vatnið eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

Vatnsveitunni er heimilt eftir því, sem ástæður leyfa, og almenningsþörf krefur: að skammta vatn, einnig til almenningsþarfa, þegar ónógt vatn er fyrir hendi,

að loka fyrir vatnsrennsli til þeirra, sem vanrækja að gera við bilanir á 170 vatnsæðum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á 27. nóv. réttum gjalddögum.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mælingu, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á fjórum gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felldar reglugerð fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 66 22. júní 1937 með síðari breytingum og gjaldskrá fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 90 22. apríl 1952.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað.

171

27. nóv.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Kópavogskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum innan kaupstaðarins eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|---|------|
| 1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum | 2% |
| 2. — húseignum og öðrum mannvirkjum | 1% |
| 3. — túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum | 0.5% |

3. gr.

Undanþegnar skatti er þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 67 frá 1945. Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.